

Yfirskrift	Fundargerð stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 4 2017	4	Dagsetning	11. apríl 2017	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Safnahúsið við Hverfisgötu				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, ISS, HÓS, MH, EB (KLÁ, BE), Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu og Páll Þórhallsson frá forsætisráðuneytinu				
Fylgiskjöl	Fundargerð stjórnar FFR 29. mars 2017 Matsþættir út frá hæfniviðmiðum starfa - drög Stjórnendastefna – drög Yfirlit um starfsbundið mat – drög að verkferli				
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, sem ISS ritaði, var samþykkt.

2. Félagsfundur

Rætt var um að stefna að félagsfundi eftir páska með fjármála- og efnahagsráðherra, þar sem kynnt verði fjármálastefna 2017-2022 og fjármálaáætlun 2018-2022. Auk þess verði fjallað um vinnu við þær breytingar sem eru að verða á starfsumhverfi forstöðumanna og haldnar pallborðsumræður. Rætt var um þriðjudaginn 25. apríl, en í ljós kom að sá dagur passar ekki vel. BK vinnur málið áfram.

3. Vinna við væntanlegt starfsumhverfi forstöðumanna

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri löggjafaramála í forsætisráðuneytinu, kom á fundinn. Skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu eru á sama báti og forstöðumenn og fara undan Kjararáði 1. júlí n.k. Engin vinna hefur farið fram innan Stjórnarráðsins varðandi þessar breytingar. Hann ræddi almennt um starfsumhverfi forstöðumanna og skrifstofustjóra og ennfremur um Stjórnarráðsskólann og hlutverk hans. Páll situr í nefnd á vegum OECD um opinbera starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Hann lagði fram hluta úr skýrsludrögum sem fjallað verður um á næsta fundi 24. og 25. apríl. Heiti skýrslunnar verður *Mapping skills needs for high performing civil service : attracting, retaining and developing public employees of the future*. Þar er fjallað um færni sem opinberir starfsmenn og stjórnendur þurfa að búa yfir, matsþætti og hæfniviðmið. Einnig lagði hann fram skjal frá Nýja Sjálandi sem ber heitið *Leadership Success Profile*, þar sem fram kemur hvaða eiginleikum stjórnendur þurfa að vera búnir til að ná árangri við að framfylgja stefnu nýsjálenskra stjórnvalda. Áhersla er lögð á að skila árangri og starfa af heilindum, ásamt því að þróa sjálfbæra og framsækna menningu meðal starfsfólks og hagaðila. Gagnlegar umræður urðu um hvort þessir hópar eigi samleið í starfsumhverfismálum og voru fundarmenn sammála um að mörg málefni eru sameiginleg.

Páll vék af fundi.

4. Önnur mál

- a. GR ræddi um að fara þurfi yfir lista vegna nýs vinnuumhverfis forstöðumanna og verkefni tengd félaginu, sem þarf að sinna á skrifstofu Kjara- og mannauðssýslu.
- b. Einnig þarf að fjalla nánar um þær kröfur sem félagið setur vegna launasetningar. GR hefur tekið saman fyrstu drög og sent á hópinn.